

REGULUGERÐ

um holræsagjöld í Njarðvíkurbæ.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Njarðvíkurbæ eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Njarðvíkur.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, og 0,36% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 356/1975 um holræsagjöld í Njarðvíkurhreppi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrsti gjalddagi holræsagjalds af atvinnuhúsnæði á árinu 1994 er 15. mars og eindagi 15. apríl.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.